



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# ÖLDRUN OG ÖLDRUNARBREYTINGAR

## HJÚK3ÖH05

Kennsluáætlun vorönn 2022

---

**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍÞ

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þá félagsþjónustu sem öldruðum stendur til boða. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og þau réttindi sem öldruðum er tryggð samkvæmt lögum. Hugmyndafræði og helstu kenningar í öldrunarhjúkrun eru skoðaðar. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Fjallað er um helstu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða og viðeigandi hjúkrun. Kynntar eru aðferðir til þess að meta áhrif sjúkdóma og heilsubreysts á virkni og vellíðan aldraðra. Fjallað er um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls á efri árum með áherslu á forvarnir og heilsueflingu til auka lífsgæði og vellíðan aldraðra. Sorg og sorgarviðbrögð eru tekin til umfjöllunar. Lögð er áhersla á sérstakar hjúkrunarþarfir einstaklinga við lífslok og líknarmeðferð. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, yfirsýn og heildræna nálgun við hjúkrun aldraðra hvort sem er á stofnunum eða á heimilum ásamt faglegum vinnubrögðum og viðurkenndri skráningu hjúkrunar.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ☐ þeim líkamlegu, andlegu og félagslegu breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- ☐ áhrifum algengra öldrunarsjúkdóma á virkni og lífsgæði aldraðra
- ☐ aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra
- ☐ forvarnargildi og mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum
- ☐ þeirri þjónustu og stuðningi sem öldruðum stendur til boða í samfélaginu
- ☐ kenningum sem fjalla um aðlögun að heilsubresti, sorg og missi
- ☐ lífsloka og líknarmeðferð
- ☐ þverfaglegri teymisvinnu í málefnum aldraðra
- ☐ viðurkenndri hjúkrunarskráningu

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ☐ gera greinarmun á eðlilegum öldrunarbreytingum og sjúkdómsástandi hjá öldruðum
- ☐ greina áhrif öldrunarbreytinga á virkni og lífsgæði aldraðra
- ☐ fræða aldraða um heilbrigðan lífsstíl og þá þjónustu sem þeim stendur til boða í samfélaginu
- ☐ hagnýta sér kenningar um aðlögun að sorg og missi í hjúkrunarstörfum
- ☐ nota viðurkennda hjúkrunarskráningu.

### **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ☐ taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu um málefni aldraðra
- ☐ nota viðurkenndar aðferðir og kvarða til þess að meta sjálfbjargargetu aldraðra
- ☐ hjúkra öldruðum á heildrænan hátt með tilliti til félagslegs, andlegs og líkamlegs ástands
- ☐ hjúkra öldruðum á líknandi meðferð og við lífslok
- ☐ miðla á faglegan hátt upplýsingum um hjúkrun aldraðra.

**Námsmat:** Vetrarvinna 40%,ritgerð, heimaverkefni og tímaverkefni. Nemandi þarf að skila 90% af vetrarvinnu á tilsettum tíma, til að ná próftökurétti og að hafa lágmark 85% raunmætingu, nema um annað sé samið.

Lokapróf 60%

\* Kennari áskilur sér rétt til breytinga